

Hæstaréttardómar.

Útgefandi: Hæstiréttur.

LXX. árgangur.

2. hefti.

1989

Fimmtudaginn 18. maí 1989.

Nr. 141/1987. **Vinnuvélar hf.**

(Gísli Baldur Garðarsson hrl.)

gegn

Vörubílstjórafélaginu Fáki

(Gunnar Sæmundsson hrl.)

og gagnsök.

Ómerking. Heimvísun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Haraldur Henrysson og Hrafn Bragason, Arnljótur Björnsson, settur hæstaréttardómari, og Jón Finnsson hæstaréttarlögmaður.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 27. apríl 1987 og krafist þess að hinum áfrýjaða dómi verði hrundið og hann sýknaður af dómkröfum gagnáfrýjanda og dæmdur málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti. Til vara gerir hann þær dómkröfur að hann verði einungis dæmdur til að greiða gagnáfrýjanda 48.045,00 krónur og málskostnaður verði þá látinn niður falla.

Gagnáfrýjandi hefur með stefnu 6. maí 1987 skotið máli þessu til Hæstaréttar. Hann gerir þær dómkröfur að hinum áfrýjaða dómi verði hrundið og breytt á þá leið að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða sér 511.754,71 krónur með 2,25% mánaðarvöxtum af 426.462,26 krónum frá 21. maí 1986 til 1. mars 1987, 2,5% mánaðarvöxtum frá þeim degi til 6. maí s.á., en síðan dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla laga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Í máli þessu deila aðilar um skuldaskil vegna verks sem þeir tóku sameiginlega að sér fyrir Vegagerð ríkisins. Gagnáfrýjandi heldur því fram að aðaláfrýjandi hafi tekið að sér fjárreiður vegna verksins, og í héraði stefnir hann aðaláfrýjanda til þess að greiða það,

sem hann telur ógreitt af sínum hluta, án þess að hafa í höndum endanlegt heildaruppgjör.

Við aðalflutning málsins 6. október 1986 lagði aðaláfrýjandi fram ódagsett uppgjörslað ásamt yfirlitum um vinnuframlag hvors um sig. Yfirlitin eru ódagsett og fjárhæðir þar eru ekki dregnar saman í niðurstöðu. Uppgjörslað skortir sundurgreiningu ákveðinna liða og þar sést ekki hvort fjárhæðir eru reiknaðar með eða án sölu-skatts. Ekki sést hver hefur gert yfirlit um vélavinnu, og uppgjórið og það og yfirlitin hafa ekki verið staðfest fyrir dómi. Eftir framlagningu þessara gagna hefur gagnáfrýjandi ekki gert glögg heildaryfirlit um afstöðu sína til einstakra liða uppgjörins. Ólafur Theodórsson mælingamaður, sem í málflutningi fyrir Hæstarétti var sagður hafa gert yfirlitin, hefur ekki komið fyrir dóm sem vitni.

Málið var endurupptekið og flutt á ný 5. febrúar 1987, en þá vegna þess að héraðsdómara hafði ekki tekist að ljúka dómi á málið innan löglegra tímamarka. Málið var hins vegar ekki skýrt frekar. Þar sem upplýsingar og skýrleika brast um atriði, sem máli skiptu, bar héraðsdómara samkvæmt 120. gr. laga nr. 85/1936, um meðferð einkamála í héraði, að veita aðilum kost á að skýra málið og afla framhaldsgagna eða vísa því frá dómi, teldi hann það réttara. Í stað þess er málið dæmt án fullnægjandi málsreifunar, og í greinargerð um málsatvik og málsástæður í forsendum hins áfrýjaða dóms koma ekki skýrt fram þeir liðir uppgjörins, sem um er deilt, og afstaða aðila til þeirra. Þá eru úrslit um einstaka liði og málið í heild lítt rökstudd. Brýtur það í bága við ákvæði 193. gr. laga nr. 85/1936. Af framangreindum ástæðum verður að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og vísa málinu heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar að nýju.

Eftir atvikum þykir rétt að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera ómerkur og er málinu vísað heim í hérað til meðferðar og dómsálagningar.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur aukadómþings Barðastrandarsýslu 27. febrúar 1987.

Mál þetta, sem var dómtekið 5. febrúar 1987 eftir munnlegan málflutning, er höfðað hér fyrir dóminum með stefnu, birtri 30. apríl 1986, af Gunnari Sæmundssyni hdl. f.h. Vörubílstjórafélagsins Fáks, nafnnúmer 2284-2951, á hendur Ólafi Bæringssyni, nafnnr. 6747-5887, stjórnarformanni og framkvæmdastjóra Vinnuvéla hf., Patreksfirði, nafnnúmer 9336-2861, f.h. hlutafélagsins til greiðslu skuldar, að fjárhæð kr. 511.754,71, með 2,25% mánaðarvöxtum af kr. 426.462,26 frá 21.5. 1986 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu skv. gjaldskrá Lögmannafélags Íslands.

Af hálfu stefnda, Vinnuvéla hf., eru þær dómkröfur gerðar, að stefndi verði sýknaður af dómkröfum stefnanda í máli þessu og að honum verði til dæmdur málskostnaður skv. gjaldskrá Lögmannafélags Íslands. Til vara er gerð sú dómkrafa að stefndi verði einungis dæmdur til að greiða stefnanda kr. 48.045,00 og málskostnaður verði látinn niður falla.

Málsástæður stefnanda eru þær að hann eigi hjá stefnda eftirstöðvar hluta síns vegna félagsmanna sinna, sem að verkinu unnu, af greiðslu sem koma átti fyrir umrætt verk. Á þeim greiðslum hafi stefndi átt að standa skil eigi síðar en við uppgjör Vegagerðar ríkisins. Þá er á því byggt að hvor aðila um sig verði að bera ábyrgð á mistökum sínum við áætlun kostnaðar við sinn hluta verksins, en báðir sameiginlega á áætlun kostnaðar vegna annarra þátta. Loks er á því byggt að hið stefnda félag sé ábyrgt fyrir kostnaði, sem leitt hafi af því, að það hafi farið út fyrir umboð sitt varðandi fjármálastjórn.

Sýknukrafa er fyrst og fremst byggð á aðildarskorti. Stefndi segir að Ólafur Bæringsson hafi verið ráðinn yfirstjórnandi verksins. Ekkert liggur fyrir um það hins vegar að stefndi, hlutafélagið Vinnuvélar hf., hafi tekið að sér yfirstjórnun verksins. Stefndi telur að fullyrðing stefnanda sé að því leyti röng. Vinnuvélar hf. séu því ekki réttur aðili að þessu máli, og beri því að sýkna stefnda á grundvelli 2. mgr. 45. gr. eml.

Til vara er því haldið fram til stuðnings kröfu um sýknu að stefnendur hafi þegar fengið greitt langt umfram það sem þeim beri. Stefndi heldur því fram að tapi eða hagnaði skyldi skipt til helminga. Kæmu þannig kr. 652.032,00 til frádráttar hjá hvorum aðila. Þannig ættu einungis kr. 225.888,00 að koma til stefnenda.

Lagarök: Stefnandi vísar til almennra reglna kröfuréttarins um bótaskyldu umboðsmanns gagnvart umbjóðanda, skyldu hans til skila á fé, sem hann tekur við í umboði umbjóðanda, og forsendna þeirra, sem málsaðilar lögðu til grundvallar verksamningi sínum við Vegagerð ríkisins.

Mál þetta snýst um sameiginlegt tilboð sem aðilar málsins, Vinnuvélar hf. og Vörubílstjórafélagið Fákur, gerðu í ákveðið verk hjá Vegagerð ríkis-

ins, „Styrking Barðaströnd“. Aðilar gerðu tilboðið sameiginlega og í einu lagi og var það um 58% af kostnaðaráætlun Vegagerðar ríkisins. Ljóst er af gögnum málsins og framburði aðila, að ekki var gert formlegt samkomulag um skiptingu ágóða eða taps.

Óumdeilt er að Ólafur Bæringsson var ráðinn framkvæmdastjóri yfir verkinu og með ótakmarkað umboð, þar sem engin umboðsskrá var gerð til takmörkunar á umboðinu.

Þá er ljóst, að allt fjárhald var unnið hjá Vinnuvélum hf. og þeim réttlæga stefnt til að gera skil á því sem hugsanlega væri vangreitt til samaðila.

Sá kostnaður, sem kemur til frádráttar af óskiptu, mun hafa orðið miklu meiri en aðilar ætluðu í upphafi, og liggja til þess ýmsar ástæður. Stefnandi telur ýmsa liði ofreiknaða og aðra vera kostnaðarhluta stefnda.

Stefnandi telur laun „svæðisverkstjóra“, Gísla Viktorssonar, of há og einnig laun verkamanna sem unnu við verkið, og hafi Ólafur Bæringsson farið út fyrir umboð sitt. Þessu hefur verið mótmælt af lögmanni stefnda. Telja verður að hagur Vinnuvéla hf. hafi einnig verið sá, að þessi laun væru sem lægst.

Þá telur stefnandi að laun Ólafs Bæringssonar séu of há, en ekki er hægt að fallast á rök hans gegn mótmælum stefnda.

Stefnandi telur kostnað af bifreiðinni B 1368 of mikinn, og eru tilgreind kjör sem hefðu getað verið á bílaleigubíl. Verður að telja að þessi krafa sé of seint fram komin, og ósannað, að slíkur bíll hefði fengist á framkvæmdatímanum.

Krafa stefnanda um, að liðurinn „vökvun“ falli undir sameiginlegan kostnað, og verður ekki séð hvor tilboðsgjafanna hefði frekar átt að annast þennan þátt (sic). Verður því að teljast rétt að taka þennan lið undir óskiptan kostnað, kr. 38.347,82.

Varðandi akstur Ólafs Bæringssonar, þ.e. 32 ferðir, gerir stefnandi að kröfu sinni, að helmingur verði metinn í þágu stefnda. Þetta eru ferðir Ólafs af vinnustað til heimilis og til baka og verður ekki fallist á þessa kröfu og hefur henni verið mótmælt af stefnda.

Stefnandi hefur krafist þess að reikningur Vegagerðar ríkisins vegna ólokens frágangs, kr. 130.000,00, falli á stefnda. Telja verður að báðir aðilar hafi gert sér ljóst að verkinu væri ekki lokið, og hefðu stefnendur alveg eins getað gert reka að því að ljúka verkinu. Ósannað er hversu mikið hefði kostað að ljúka umræddum verkþætti.

Stefndi hefur krafist sýknu vegna aðildarskorts. Um aðildarskort getur ekki verið að ræða, þar sem Vinnuvélar hf. komu fram sem fjármagnsaðili í útboðsverkinu gagnvart Vegagerð ríkisins og stefnanda.

Af framburði aðila málsins, sem komið hafa fyrir dóminn, er ljóst, að engir samningar hafa verið gerðir milli aðila um skiptingu á hluta þeim,

sem eftir stóð þegar sameiginlegur kostnaður hafði verið greiddur. Ósannað er að aðilar hafi gengið út frá vinnuhlutdeild þeirri sem talin er hafa verið lögð til grundvallar í dómskjali nr. 1, síðu 1.

Helgi Árnason, félagi í Vörubílstjórafélaginu Fáki, segir að upplýst hafi verið á fundi við undirskrift tilboðsins að Gísli Viktorsson væri ráðinn verkstjóri við verkið.

Þá segir Helgi, að vélavinna HB á dskj. nr. 57 sé til komin vegna þess, að Vinnuvélar hf. hafi ekki á þessum tíma haft tæki til að vinna verkið og því verið leigt tæki til að flýta verkinu.

Í framburði Jens Líndals Bjarnasonar kemur fram að hann telji ágreining hafa komið upp í september 1985 um greiðslu til aðila í Vörubílstjórafélaginu Fáki og þá hafi verkinu verið lokið.

Í ljósi þess, sem hér hefur verið rakið, þykir verða að leggja til grundvallar eftirfarandi uppgjör á milli Vörubílstjórafélagsins Fáks og Vinnuvéla hf. vegna verksins „Styrking Barðaströnd“.

Tekjur: Greiðslur frá Vegagerð ríkisins kr. 2.291.428,00.

Kostnaður:

Vegheflun o.fl.	kr.	269.250,00	
Vinnulaun	“	281.682,00	
Tæknivinna	“	152.200,00	
Fæði og uppihald	“	144.662,00	
Bílkostnaður	“	102.504,00	
Bensínkostnaður	“	37.929,00	
Rör frá Patrekshreppi	“	67.077,00	
Byggir hf.	“	24.256,00	
Flutningur á tækjum	“	4.544,00	
Ýmislegt	“	6.171,00	
Vökvun	“	38.348,00	kr. 1.128.623,00
Mismunur			kr. 1.162.805,00

Liðurinn HB-vinnuvélar greiðist af Vinnuvélum hf., kr. 68.681,00.

Þá þykir rétt, að hvor aðili um sig fái kr. 581.402,00 í sinn hlut, og hefur stefnandi þegar fengið kr. 360.000,00 í sinn hlut.

Fallist er á dráttarvaxtakröfu stefnanda.

Málskostnaður ákveðst kr. 52.422,00:

D ó m s o r ð:

Stefndi Vinnuvélar hf., greiði stefnanda, Vörubílastjórafélaginu Fáki, kr. 221.402,00 með 3,75% dráttarvöxtum á mánuði frá 21/11 '85 til 1/3 '86, en með 2,75% frá 1/3 '86 til 1/4 '86, en með 2,25% frá 1. apríl 1986 til greiðsludags og kr. 52.422,00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dómsins að viðlagðri aðför að lögum.